

Alþingi
Erindi nr. P 127/2301
komudagur 3. 7. 2002



ÁFENGIS- OG
VÍMUVERNARÁÐ

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júlí 2002

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð var rætt á fundi áfengis- og vímuvarnaráðs í byrjun júní. Þótti frumvarpið bera vott um áhuga ríkisstjórnarinnar á málefnum lýðheilsu. Hins vegar telur ráðið að fyrirbyggjandi frumvarp tryggi ekki það svigrúm til viðtækra, fjölbreyttra og frjórra starfsemi sem nauðsynleg er til að veita lýðheilsu brautargengi.

Starf að bættri lýðheilsu snýst að miklu leyti um að vekja almenning til umhugsunar um tengsl heilsu við lífsstíl, umhverfi og félagslegar aðstæður og hvetja einstaklinga og stjórnvöld til aðgerða sem eru líklegar til að verða til almannaheilla. Æskilegt væri að lýðheilsustöð væri þekkingarbrunnur fyrir alla þá sem á einhvern hátt vinna að eflingu lýðheilsu og miðja tengslanets þeirra. Til þess að gegna slíku hlutverki þarf Lýðheilsustöð á sterkum mannafla að halda með fjölbreytta þekkingu og bakgrunn. Starfsfólkið þarf að búa yfir færni til að rannsaka og safna, vinna úr og miðla fjölbreyttum upplýsingum sem að gagni kunna að koma. Í hópnum þurfa því að vera tölfræðingar, faraldsfræðingar, félagsfræðingar, sálfræðingar, kennarar, heilbrigðisstarfsfólk, íþrótt- og tómsundafraeðingar, umhverfisfræðingar og annað fólk með sérþekkingu eða reynslu á ýmsum sviðum. Lýðheilsustöð þarf að vinna í nánnum tengslum við stjórnvöld lands og sveita, ýmsar opinberar stofnanir samfélagsins og frjáls félagasamtök. Tryggja þarf Lýðheilsustöð nægt fjármagn til svo viðtæks starfs.

Áfengis- og vímuvarnaráð telur allar hugmyndir um samræmt og öflugt lýðheilsustarf af hinu góða. Hins vegar telur ráðið þær hugmyndir um Lýðheilsustöð sem dregnar eru upp í frumvarpinu ekki nógu metnaðarfullar til að vera líklegar til að verða lýðheilsustarfi og áfengis- og vímuvörnum í landinu til framdráttar.

Athugasemdir við einstakar greinar í frumvarpsins:

1. Skilgreining lýðheilsu í 1. grein er takmörkuð. Lýðheilsa tekur ekki eingöngu til heilsufarslegra þátta þjóða og hópa heldur einnig sálrænna, félagslegra og umhverfislegra þátta. Lýðheilsustarf er þverfaglegt starf sem miðar að því að bæta heilbrigði, lengja líf og bæta lífsgæði þjóða og hópa með skipulögðum og

viðurkenndum aðferðum. Nauðsynlegt er að byggja starfið á nýjustu þekkingu sem aflað er á viðtækan og fjölbreyttan hátt.

2. Skv. 2. grein á einn forstjóri undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra að fara með stjórn Lýðheilsustöðvar. Gert er ráð fyrir að hann geti sótt ráðgjöf til landsnefndar um lýðheilsu annars vegar og til sérfræðiráða hins vegar. Framkvæmdastjórn er að öðru leyti ekki lýst. Forstjóri er því einráður um hvernig Lýðheilsustöð verður stjórnað og getur mótað hana að vild. Í því felst fullkomið valdaafsal þeirra ráða sem nú eru starfandi. Áfengis- og vímuvarnaráð varar við þessari ráðstöfun.
3. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að forgangsröðun verkefna skuli vera í „samræmi við stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. ákv. 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.“ Í greinargerðinni er hins vegar eftirfarandi mótsögn: „Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vera frumkvöðull og samræmingarafl“. Erfitt er að samræma það hlutverk að fylgja stefnu ráðherra annars vegar og að vera frumkvöðull, ráðgjafar- og samræmingaraðili hins vegar. Áfengis- og vímuvarnaráð telur nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Lýðheilsustöðvar, sem þekkingarsmiðju, til að bregðast við aðstæðum á hverjum tíma og vinna á eigin forsendum.
4. Skilgreining á landsnefnd um lýðheilsu er fyrst og fremst heilbrigðismiðuð og aðrir þættir lýðheilsustarfs falla í skuggann. Gert er ráð fyrir að allir fulltrúar séu skipaðir af heilbrigðisráðherra að frátöldum landlækni eða fulltrúa hans. Aðkoma „félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu“ er óskilgreind.
5. Í 6. grein 2. málsgrein væri réttara að hafa „sveitarstjórnir“ í stað „félagsmálayfirvalda í sveitarfélögum.“
6. Í 6. - 9. grein gæti nokkurs ósamræmis um lýsingu á hlutverki þeirra ráða sem nefnd eru. Vissulega á ekki endilega allt það sama við um öll ráðin en óhætt er að samræma lýsingu á því sem er sambærilegt eða svipað í starfsemi þeirra. Það eftirlits- og fræðsluhlutverk sem þessi ráð gegna í misjafnlega ríkjum mæli kemur ekki fram.
7. Hvorki í lögnum né greinargerðinni er gerð grein fyrir hvernig Lýðheilsustöð á að gegna því rannsóknarhlutverki sem er forsenda farsæls lýðheilsustarfs. Í 3. grein stendur þó: „Stöðin fylgist með árangri af lýðheilsustarfi og stuðlar að rannsóknum á sviði lýðheilsu í samvinnu við landlækni og mennta- og rannsóknarstofnanir.“ Tryggja þarf hlutverk og svigrúm Lýðheilsustöðvar í rannsóknarstarfi hvort sem það starf fer fram innan vébanda hennar eða í samstarfi við rannsóknarstofnanir eða háskóla. Það er t.d. nauðsynlegt til að hægt sé að fylgjast með árangri af forvarnarstarfi.
8. 3. gr.: Í drögnum kemur ekki fram hvernig tengslum Lýðheilsustöðvar við ýmsar aðrar stofnanir skuli háttáð, t.d. háskólasamfélagið, heilsugæsluna í landinu, Landspítalann-háskólasjúkrahús, grunnskóla, félagsþjónustu, lögreglu og íþrótt- og tómstundastarf. Æskilegt væri að staða Lýðheilsustöðvar gagnvart þessum stofnunum væri skýrð.

9. Í 6 gr. er sérstaklega kveðið á um hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs. Þar stendur m.a. að markmið með starfsemi ráðsins sé að „...uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu...“. Ástæða er til að setja starfseminni raunhæfari markmið. Í fyrsta lagi er ekki greinilegt við hvers konar fíkniefni er átt skv. núverandi orðalagi. Í öðru lagi er fremur ólíklegt að takast megi að uppræta fíkniefnaneyslu í landinu. Í þriðja lagi hefur mæld áfengisneysla á Íslandi verið með því minnsta sem gerist meðal samanburðarþjóða þrátt fyrir aukningu undanfarin ár. Nær lagi væri að breyta orðalagi í: „Markmið með starfsemi ráðsins er að koma í veg fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga undir lögaldri og vinna gegn neyslu ólöglegra vímuefna og misnotkun áfengis meðal fullorðinna.“
10. Loks skal á það bent að ekki kemur fram hvernig fé til rekstrar stöðvarinnar verður tryggt. Vitað er að ráðin sem ætlað er að gangi inn í stöðina hafa misjafnlega mikið fé til að reka starf sitt fyrir. Nauðsynlegt er að tryggja fjárhagslegt jafnræði á milli hugsanlegra aðildarráða ef til sameiningar kemur. Áfengis- og vímuvarnaráði er í mun að það fé sem það hefur haft til umráða til vímuvarna verði ekki rýrt með stofnun Lýðheilsustöðvar. Hingað til hefur ekki veitt af því til starfsins.

Umfangsmiklar breytingar voru gerðar með endurskoðun áfengislaga nr. 75/1998 og laga um áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998. Þessar breytingar byggðust á tillögum sem fram komu í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem samþykkt var 3. desember 1996. Áfengis- og vímuvarnaráð minnir á að ráðið hefur aðeins starfað í fjögur ár í núverandi mynd. Ráðið hefur fyrstu fjögur starfsárin fetað sig markvisst áfram með ný og umfangsmikil verkefni. Starfið hefur verið grundvallað á víðtækum rannsóknum og fjölbreyttri gagnaöflun og skýr stefna hefur verið mótuð. Þá hefur verið unnið eftir árlegri framkvæmdaáætlun og skipulegar úthlutunarreglur fyrir Forvarnasjóð verið útfærðar. Innan ráðsins hafa þær hugmyndir komið skýrt fram að fjögurra ára starfstími sé of stuttur til að hægt sé að meta árangur starfsins og að skynsamlegt væri að ráðið fengi að vinna áfram samkvæmt óbreyttum forsendum.

Áfengis- og vímuvarnaráð,


Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri